

Handbók um umferðarmerki

Sérreglumerki Flokkur 500

Útgefandi Vegagerðin








Mars 2025



Efnisyfirlit

Yfirlit yfir sérreglumerki	3
Almennar reglur um sérreglumerki	5
Málsetning sérreglumerkja	6
Málsetning 500b og 500h	6
Málsetning 526	6
Málsetning 500a, 500c, 500d, 500e, 500f, 500g, 500i og 500j	6
Málsetning 501a, 501b, 501c, 501d, 501e, 562 og 563	7
Málsetning 508, 554.1 og 554.2	7
Málsetning 512, 514, 516, 521, 552, 553 og 554.3	8
Málsetning 554 og 546	8
Málsetning 540, 542, 548, 550, 555, 572, 573, 576 og 577	9
Gerðir akreina merkja	10
500 Akreina merki	10
Annað: Þau akreina merki sem eru í notkun í dag má finna í skjalinu önnur samþykkt akreina merki.	13
501 Akreina merki ofan akbrautar	14
508 Hópbifreiðar í almenningssakstri	15
512 Biðstöð hópbifreiða í almenningssakstri	15
514 Biðstæði leigubifreiða	15
516 Gangbraut	16
521 Hjólarein	16
526 Einstefna	17
540 Vistgata	17
542 Vistgata endar	18
544 Þéttbýli	18
546 Þéttbýli endar	19
548 Göngugata	19
550 Göngugata endar	20
552.1 Bifreiðastæði	20
553.2 Bílastæðahús	21
552.3 Bifreiðastæði með gjaldskyldu	21
553 Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum	22
554 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk.	23
555 Neyðarútskot	23
562 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða	24
563 Svæði með sérstaka takmörkun hámarkshraða endar	24
572 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð	25
573 Svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð endar	25
576 Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki	26
577 Svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki endar	26

Yfirlit yfir sérreglumerki

			
500a	500b	500c	500d
			
500e	500f	500g	500h
			
500i	500j	500f	501a
			
501b	501c	501d	501e
			
508	512	514	516.1
			
516.2	521	526	
			
540	542	544	546

 548	 550	 552.1	 552.2
 552.3	 553.1	 553.2	 553.3
 553.4	 553.5	 553.6	 553.7
 553.8	 553.9	 554.1	 554.2
 554.3	 555.1	 555.2	 562
 563	 572	 572	 573
 576	 576	 577	

Almennar reglur um sérreglumerki

Reglugerð um umferðarmerki:

Sérreglumerki mæla með bindandi hætti fyrir um sérstakar reglur eða takmarkanir fyrir umferð á tilteknum stað, afmörkuðu svæði eða á ákvæðnum akreinum, aðrar en þær sem gefnar eru til kynna með bannmerki, boðmerki eða forgangsmerki.

Sérreglur fyrir umferð gilda frá þeim stað sem sérreglumerki stendur, nema annað sé sérstaklega tekið fram á undirmerki eða í ákvæðum um einstök merki.


Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkin eiga það sameiginlegt að um þau gilda tilteknar sérreglur eða viðurlög ef þau eru ekki virt.

Algengustu stærðir sérreglumerkja eru eftirfarandi:


Gerð	Breidd (mm)	Hæð (mm)	Breidd jaðars (mm)
	B	H	j
500 a - j	700-1100	900	10
501	600	600	10
508	500	300	10
512, 514, 516, 521	500	500	10
526	800	300	10
540, 542	800	600	10
544, 546	1000	600	35
548, 550	600	800	0*
552, 553, 554.3	500	500	10
554.1 - 2	500	300	10
555	600	800	10
562, 563	600	600	0*
572, 573, 576, 577	600	800	0*

*ekki er jaðar á merki




Málsetning sérreglumerkja


Málsetning 500b og 500h




Málsetning 526




Málsetning 500a, 500c, 500d, 500e, 500f, 500g, 500i og 500j




**Málsetning 501a, 501b,
501c, 501d, 501e, 562
og 563**




**Málsetning 508, 554.1
og 554.2**




Málsetning 512,
514, 516, 521, 552,
553 og 554.3









Málsetning 554 og
546



**Málsetning 540, 542,
548, 550, 555, 572,
573, 576 og 577**

Gerðir akreina merkja

500 Akreina merki

 500a Umferð á vinstri akrein skal beygja til vinstri. Umferð á hægri akrein má beygja til hægri eða halda beint áfram.	 500b Hægri akrein endar, umferð sameinast akrein til vinstri.	 500c Umferð á vegi gerð grein fyrir að umferð frá hægri sameinast akrein.	 500d Umferð á aðrein sameinast umferð á vegi sem ekið er inn á.
 500e Umferð frá hægri verður að eigin akrein á aðalvegi.	 500f Frárein frá hægri akrein.	 500g Hægri akrein verður að frárein.	 500h Ný akrein til hægri verður til.
 500i Einungis umferð hópbifreiða í almenningssakstri heimil á hægri akrein. Umferð á akrein lengst til vinstri eður í gagnstæða átt.	 500j Lágmarkshraði á vinstri akrein, hægfara umferð noti hægri akrein. Umferð á akrein lengst til vinstri eður í gagnstæða átt.	 500f	 500 Götuhlauþ

Reglugerð um umferðarmerki:

Merkin gefa til kynna akreinar og heimila notkun þeirra, þ. á m. í hvaða átt umferð má aka, hvert heimilt sé að aka þegar komið er að vegamótum, hvar akrein sameinast annarri og hvar akreinar skiljast að.

Heimilar akstursstefnur á akreinum eru gefnar til kynna með hvítum örvum á bláum grunni. Óheimilt er að nota akrein til aksturs í aðra akstursstefnu en gefin er til kynna á merkinu. Þegar akreina merki eru notuð tímabundið, t.d. vegna vegavinnu, eru örvanna svartar á appelsínugulum grunni.

Takmarkanir á tiltekinni umferð um sérstakar akreinar, sérreinar og aðrar sérreglur um umferð á akrein eru gefnar til kynna á akreina merki með viðeigandi umferðarmerki, t.d. boð- eða bannmerki, og eftir atvikum undirmerki á mynd viðkomandi akreinar. Hægfara umferð er skylt að nota akrein sem sérstaklega er merkt fyrir slíka umferð.

Akreina merki skulu útfærð eftir legu vegar á hverjum stað í samræmi við ákvæði þessarar greinar. Merkið sýnir allar akreinar viðkomandi akbrautar. Útlit, númer og heiti akreina merkja í notkun skulu birt á vefsíðu Vegagerðarinnar.

Vinnureglur um notkun:

Akreinamerki eru notuð til að leiðbeina öikumönnum um hvernig akreinar liggja á akbraut og segja til um hvaða akrein öikumenn skuli velja þegar komið er að vegamótum.

Á akreinamerkjum skal sýna allar akreinar í sömu akstursstefnu.

Þar sem aðskilnaður akstursstefna er eingöngu með yfirborðsmerkingu skal sýna allar akreinar í báðar akstursáttir. Akreinamerkin akrein endar eða akreinar sameinast skal setja upp þar sem breytingar verða á akreinum. Þar sem leyfilegur hámarkshraði er yfir 80 km/klst. skal einnig setja akreinamerki ásamt undirmerki 802.2 , 200 – 500 m áður en akreinabreytingar verða.

Akreinamerki við vegamót skal að jafnaði setja upp 50 – 100 m frá vegamótum þar sem breytingar verða á akreinum. Í stað akreinamerkja er hægt að nota 707 Akreinaliðatöflu. Þar sem leyfilegur hámarkshraði er yfir 80 km/klst., skal einnig setja akreinamerki ásamt undirmerki 802.2 , 200 – 500 m áður en akreinabreytingar verða.

Akreinamerki sem sýna fjölda akreina á akbraut og akstursstefnur, ákvæði um leyfða umferð eða gefa sérstakar leiðbeiningar um eðli umferðar skal setja upp 50 – 100 m frá akreinabreytingu eða aðrein sem kemur inn á veg.

Akreinamerki sem sýna fjölda akreina á vegi sem ekið er inn á skal nota á aðreinum fjölakreinavegum um 50 – 100 m áður en ekið er inn á veginn.

500F Akreinamerki vegna framkvæmda eða viðburða á eða við veg.

Þegar þörf er á tímabundnum merkingum, svo sem vegna framkvæmda eða atburða á eða við veg, skal hafa 500



í appelsínugulum lit með svörtum örvum í stað blás og hvíts litar, í samræmi við nánari ákvæði reglugerðar um merkingar og aðrar öryggisráðstafanir vegna framkvæmda, viðburða og annarra aðstæðna á og við veg og reglna sem settar hafa verið á grundvelli hennar.

Akreinamerki:


1. Akstursátt umferðar.
2. Akstursátt mótlægrar umferðar.
3. Akrein endar, umferð á akrein beygir til hægri.
4. Akrein endar, umferð á akrein beygir til vinstri.
5. Akrein endar, umferð á akrein sameinast akrein til hægri.
6. Akrein endar, umferð á akrein sameinast akrein til vinstri.
7. Akrein verður að frárein til hægri.
8. Akrein verður að frárein til vinstri.
9. Umferð frá hægri verður að eigin akrein á aðalvegi.
10. Umferð á vegi gerð grein fyrir að umferð frá hægri sameinast akrein.
11. Umferð á aðrein sameinast umferð á vegi sem ekið er inn á.
12. Ný akrein til vinstri verður til.
13. Ný akrein til hægri verður til.

				
1	2	3	4	5
				
6	7	8	9	10

				
11	12	13		


Dæmi um notkun á akreinaurki:

Þar sem umferðarhraði er yfir 80 km/klst skal einnig setja akreinaurki ásamt undirmerki 802.2  200-500 m áður en akreinaurabreytingar verða (sjá mynd til skýringar).




Dæmi um notkun 500a merkja á vegamótum.

Fyrst er 500a merki ásamt undirmerki 802.2 200 m frá vegamótum. Síðan eru 2 500a merki þar sem ný akrein til vinstri hefst.



Dæmi um notkun 500 merkja eftir að akreinabreytingar verða.



Annað: Þau akreinamerki sem eru í notkun í dag má finna í skjalinu önnur samþykkt akreinamerki.

501 Akreinaumerki ofan akbrautar

 501a Umferð á akrein skal halda beint áfram	 501b Umferð skal beygja til hægri.	 501b Umferð skal beygja til vinstri.	 501c Umferð á akrein má beygja til hægri eða halda beint áfram .
 501c Umferð á akrein má beygja til vinstri eða halda beint áfram .	 501d Umferð á akrein má beygja til hægri eða til vinstri.	 501e Umferð á akrein má beygja til hægri, halda beint áfram eða beygja til vinstri.	

Reglugerð um umferðarmerki:

Merkið er staðsett ofan akbrautar og gefur til kynna heimilar akstursstefnur á þeirri akrein sem það er staðsett ofan.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið ofan akbrautar til að gefa til kynna heimilar akstursstefnur á þeirri akrein sem það stendur ofan. Merkið skal sett upp í grennd eða við upphaf þess vegarkafli sem merkið höfðar til.

Akreinaumerki ofan akbrautar (sjá myndir hér að ofan):

1. Akstursátt umferðar, áfram, ofan akbrautar.
2. Akstursátt umferðar, til hægri, ofan akbrautar.
3. Akstursátt umferðar, til vinstri, ofan akbrautar.
4. Akstursátt umferðar, áfram eða til hægri, ofan akbrautar.
5. Akstursátt umferðar, áfram eða til vinstri, ofan akbrautar.
6. Akstursátt umferðar til hægri eða til vinstri, ofan akbrautar.
7. Akstursátt umferðar, áfram, til hægri eða vinstri, ofan akbrautar.

508 Hópbifreiðar í almenningsakstri

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna akrein sem er eingöngu ætluð hópbifreiðum í almenningsakstri.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna akrein sem er eingöngu ætluð hópbifreiðum í almenningsakstri. Merkið er einkum notað á akreina-merki.

512 Biðstöð hópbifreiða í almenningsakstri

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna biðstöð sem eingöngu er ætluð hópbifreiðum í almenningsakstri. Á merkinu er heimilt að birta myndmerki rekstraraðila hópbifreiða í almenningsakstri..

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota þar sem ákvæði umferðarlaga um biðstöðvar hópbifreiðar í almenningsakstri gilda. Heimilt er að festa merkið á stöng jafnt sem biðskýli. Heimilt er að birta nánari upplýsingar um biðstöðina svo sem tímatöflur á sömu stöng. Á merkinu er heimilt að birta myndmerki rekstraraðila hópbifreiða í almenningsakstri.

514 Biðstæði leigubifreiða


**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna biðstæði leigubifreiða..

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að merkja afmarkað svæði sem ætlað er sem biðstæði leigubifreiða.

516 Gangbraut



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna gangbraut sem ætluð er gangandi vegfarendum til að komast yfir akbraut. Merkið tekur breytingum þannig að táknmynd gangandi vegfaranda stefnir í átt að viðkomandi gangbraut.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp við gangbraut beggja vegna akbrautar. Merkið skal sett upp 0,5 – 1 m áður en komið er að gangbraut úr hvorri akstursstefnu. Heimilt er að setja merkið upp á miðeyju.

Í stað merkinga beggja vegna akbrautar er heimilt að hengja merkið með áberandi hætti yfir akbraut, a.m.k. eitt tvíhliða merki fyrir hvora akstursátt.

Með merkinu skal ávallt nota yfirborðsmerkinguna 1024 Gangbrautamerking.

Óheimilt er að setja merkið upp við ljósastýrðar gönguþveranir.

Forðast skal að hafa merkið á stöng með öðrum umferðarmerkjum. Ef merkið er notað með öðru merki svo sem um biðskyldu við gatnamót eða hringtorg skal merki um gangbraut vera ofar öðrum merkjum.

521 Hjólarein



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna akrein sem er eingöngu ætluð umferð reiðhjóla, léttra bifhjóla í flokki I og smáfarartækja¹⁾.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota til að auðkenna hjólarein, sérrein sem ætluð er umferð reiðhjóla og léttra bifhjóla í flokki I.


Hjólarein skal aðgreina frá öðrum akreinum með viðeigandi yfirborðsmerkingu.

Merkið er sett upp við upphaf hjólareinar og endurtekið eftir hver vegamót. Heimilt er að endurtaka merkið milli vegamóta þar sem ástæða er til að vekja athygli á hjólarein t.d. til að koma í veg fyrir að stöðvað sé eða lagt á hjólarein.

Merkið skal staðsett við hægri brún hjólareinar eins nærri reininni og hægt er.

1) Lagabreyting nr. 92/2024 á lögum nr. 77/2019

526 Einstefna

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að einstefnuakstur sé um veginn í þá átt sem örin vísar.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp við upphaf einstefnukafla og endurtekið við hver vegamót á kaflanum.

Við vegamót skal með merkinu nota merkið 302 Innakstur bannaður, til að banna innakstur ökutækja í gagnstæða átt.

Merkið er heimilt að setja upp lóðrétt, á þann hátt að örin vísi upp þegar ekið er í akstursstefnu. Jafnframt er heimilt að setja merkið upp lárétt, á þann hátt að örin vísi til hliðar eftir akstursstefnu þegar ekið er inn á veginn frá vegamótum eða við sambærilegar aðstæður. Velja skal þá uppsetningu sem tryggir best sýnileika merkisins hverju sinni.

Sé ákveðinni tegund umferðar, þá helst reiðhjólum, veitt undanþága frá innakstursbanni með undirmerki skal upplýsa um undanþáguna með sama undirmerki við einstefnumerkið.

540 Vistgata

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að komið sé inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um vistgötur gilda.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp við allar innkomur inn á vistgötu. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 542 Vistgata endar.

Merkið skal aðeins nota fyrir götu eða svæði þar sem umhverfi og hönnun þess miðast við að gangandi vegfarendur geti notað allt göturýmið og hæðarmunur milli aksturssvæðis og annarra svæða er lítill eða enginn.

Innan vistgötu er heimilt að víkja frá ákvæðum um skyldubundna uppsetningu viðvörunarmerkja.

Innan vistgötusvæðis gildir almennur umferðarréttur. Óheimilt er að setja upp forgangsmerki innan vistgötusvæðis.

542 Vistgata endar

**Reglugerð um umferðarmerki:**


Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um vistgötur gilda.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp alls staðar þar sem vistgata endar. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 540 Vistgata.

Heimilt er að setja upp merki 202 Biðskylda eða 204 Stöðvunarskylda þar sem ekið er út af vistgötu, til áréttingar um að umferð af vistgötu beri að veita annarri umferð forgang.

544 Þéttbýli

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna að komið sé inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um þéttbýli gilda.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota við akstursleiðir inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um þéttbýli gilda.

Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 546 Þéttbýli lokið.

Þar sem annar hámarkshraði en lögbundinn hámarkshraði innan þéttbýlis á að gilda í beinu framhaldi af merkinu, skal merki 362 Sérstök takmörkun hámarkshraða sett upp 30 – 60 m eftir merkinu.

546 Þéttbýli endar



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um þéttbýli gilda.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal setja upp þar sem ekið er út af svæði þar sem reglur um þéttbýli samkvæmt umferðarlögum gilda.

Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 544 Þéttbýli.

Þar sem annar hámarkshraði en lögbundinn hámarkshraði utan þéttbýlis á að gilda í beinu framhaldi af merkinu, skal merki 362 Sérstök takmörkun hámarkshraða sett upp 30 – 60 m eftir merkinu.

548 Göngugata



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að komið sé inn á svæði þar sem ákvæði umferðarlaga um göngugötur gilda. Nánari lýsing á reglum sem gilda innan svæðisins getur komið fram á merkinu.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp við allar innkomur inn á göngugötu. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið

standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 550



Merkið skal aðeins nota fyrir götu eða svæði þar sem umhverfi og hönnun þess miðast við gangandi vegfarendur. Akstur vélknúinna ökutækja er bannaður. Ef banna skal umferð hjólandi vegfarenda í göngugötu er notað merkið

306.6 .

Heimilt er í sérstökum tilvikum að undanskilja tiltekna umferð banninu, svo sem fyrir vörulosun, með undirmerki 808.5



, til dæmis með textanum „Vörufgreiðsla heimil“ og gildistíma eða „Akstur að baklóðum heimil“.

550 Göngugata endar



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem ákvæði umferðarlagna um göngugötur gilda.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp alls staðar þar sem ekið er út af göngugötu. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að

merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 548



552.1 Bifreiðastæði



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að heimilt sé að leggja, sé það ekki í andstöðu við ákvæði umferðarlagna um að stöðva eða leggja ökutæki. Merkið gildir á afmörkuðu bifreiðastæði eða þeim megin vegar sem merkið stendur, frá merkinu og að næstu vegamótum nema annað sé tekið fram með undirmerki. Nánari lýsing á takmörkun kemur fram á undirmerki.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að merkja bifreiðastæði við vegbrún eða til að gefa til kynna að ekið sé inn á afmarkað bifreiðastæði.

Merkið gildir þeim megin vegar sem merkið stendur, í akstursstefnu frá þeim stað þar sem merkið er og að næstu vegamótum nema annað sé gefið til kynna með undirmerki eða öðru sérreglumerki eða bannmerki eins og 370



eða 554 . Merkið skal vera tvíhliða, þ.e.a.s. fram og bakhlið merkisins skal vera eins, þar sem bifreiðastæði eru beggja vegna merkisins.

Undirmerki 829 , má notað með merkinu til að gefa til kynna hvernig leggja skal ökutækjum og 831



til að gefa til kynna hámarkstíma sem heimilt er að leggja.

Undirmerki 810  er notað með merkinu til að vísa að bifreiðastæði.

Önnur undirmerki eru notuð með merkinu með sama hætti og með 372 .

553.2 Bílastæðahús

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna bílastæðahús.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið til að merkja bílastæðahús.

Undirmerki 810  er notað með merkinu til að vísa að bílastæðahúsi.

552.3 Bifreiðastæði með gjaldskyldu

**Reglugerð um umferðarmerki:**

Merki þetta gefur til kynna gjaldskyldu bifreiðastæða. Merkið gildir á afmörkuðu bifreiðastæði eða þeim megin vegar sem merkið stendur, frá merkinu og að næstu vegamótum nema annað sé tekið fram með undirmerki. Mismunandi gjaldsvæði eru gefin til kynna með tölustaf. Nánari lýsing á takmörkun kemur fram á undirmerki.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal nota til að merkja bifreiðastæði við vegarbrún eða til að gefa til kynna að ekið sé inn á afmarkað bifreiðastæði þar sem tekið er gjald fyrir notkun stæðis. Um merkið og undirmerki gilda sömu reglur og fyrir 552.1 .

Gjaldsvæði skal gefið til kynna með tölustaf á merkinu.

Undirmerki eru notuð með merkinu með sama hætti og með 372 .

Heimilt er að nota merkið á svæðismerki 576  til að gefa til kynna gjaldskyldu innan svæðis.

553 Bifreiðastæði ætlað tilteknum aðilum

 553.1 Bifreiðastæði ætlað hópbifreiðum.	 553.2 Bifreiðastæði ætlað vörubifreiðum	 553.3 Bifreiðastæði ætlað fólksbifreiðum.	 553.4 Bifreiðastæði ætlað bifreiðum til rafhleðslu.	 553.5 Bifreiðastæði ætlað húsbílum.
 553.6 Bifreiðastæði ætlað lögreglu og sjúkrabílum.	 553.7 Stæði ætlað reiðhjólum	 553.8 Stæði ætlað bifhjólum.	 553.9 Stæði ætlað vélknúnum hlaupahjólum.	

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að afmarkað bifreiðastæði sé einungis ætlað tiltekinni tegund ökutækja. Þannig er t.d. 553.4 Bifreiðastæði ætlað bifreiðum til rafhleðslu einungis ætlað ökutækjum meðan á rafhleðslu stendur.

Vinnureglur um notkun:


Merkið er notað til að merkja bifreiðastæði sem ætlað eru sérstöku ökutæki, samkvæmt 2. mgr. 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Merkið er staðsett við afmarkað bifreiðastæði, við hvert stæði fyrir sig eða við upphaf og lok svæðis með viðeigandi undirmerkjum 828 .

Undirmerki 829 , er notað með merkinu til að gefa til kynna hvernig leggja skal ökutækjum og 831

 til að gefa til kynna hámarkstíma sem heimilt er að leggja.

554 Bifreiðastæði fyrir hreyfihamlað fólk.



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki 554.1 gefur til kynna að bifreiðastæði sé eingöngu ætlað handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk.

Merki 554.2 gefur til kynna sérstaklega breitt bifreiðastæði sem er eingöngu ætlað handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlað fólk.

Merki 554.3 gefur til kynna að stæðið sé einungis ætlað því tiltekna ökutæki handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlað fólk sem tilgreint er með skráningarnúmeri á merkinu.

Vinnureglur um notkun:


Merkið er notað til að merkja bifreiðastæði sem ætlað er ökutækjum hreyfihamlaðs fólks.

Merkið er staðsett við afmarkað bifreiðastæði, við hvert stæði fyrir sig eða við upphaf og lok svæðis með viðeigandi undirmerkjum 828 .

Undirmerki 829 , má nota með merkinu til að gefa til kynna hvernig leggja skal ökutækjum og 831  til að gefa til kynna hámarkstíma sem heimilt er að leggja.

Merkið er notað til að merkja bifreiðastæði sem ætlað er tilteknu ökutæki hreyfihamlaðs einstaklings.

555 Neyðarútskot



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna útskot á vegi eða í jarðgöngum sem eingöngu er ætlað til notkunar í neyð. Merkið tekur breytingum eftir þeirri átt sem útskotið er í.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp við neyðarútskot í jarðgöngum. Heimilt er að nota með merkinu undirmerkið 802.2 .

562 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að farið sé inn á svæði þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða er í gildi.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp við allar innkomur á svæði með takmörkuðum hámarkshraða. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 563

Heimilt er að letra á merkið hraða í heilum tugum á bilinu 20 – 50 km/klst. auk hraðans 15 km/klst.

Óheimilt er að nota merki 362 innan svæðis með sérstakri takmörkun hámarkshraða, til annars en áréttingar á þeim hraða sem gildir innan svæðisins.

Heimilt er að nota sérreglumerkin 540 og 548 innan svæðis með sérstakri takmörkun hámarkshraða. Merkið skal sett upp þar sem vistgata eða göngugata endar innan svæðis með sérstakri takmörkun hámarkshraða.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í km/klst. Þannig er sérstök takmörkun hámarkshraða fyrir 30 km/klst. táknuð með 562-30.

563 Svæði með sérstaka takmörkun hámarkshraða endar



Reglugerð um umferðarmerki:


Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sérstök takmörkun hámarkshraða er í gildi.

Vinnureglur um notkun:

Merkið skal sett upp alls staðar þar sem ekið er út af svæði með sérstakri takmörkun hámarkshraða. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 562 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða. Þó er heimilt að staðsetja merkið á bakhlið merkis 562 Mörk svæðis með sérstaka takmörkun hámarkshraða þar sem rými er takmarkað.

Nota má tvo stafi í númeri (eftir bandstrik) til að tákna tilgreinda takmörkun í km/klst. Þannig er merki fyrir svæði þar sem sérstök takmörkun hámarkshraða fyrir 30 km/klst. endar táknað með 563-30.

572 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að farið sé inn á svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð. Nánari lýsing á takmörkun getur komið fram á merkinu.

Merki þetta með textanum „Snúningshaus“ gefur til kynna að um snúningshaus í samræmi við 29. gr. umferðarlaga sé að ræða.

Vinnureglur um notkun:

Merkið er notað við akstursleiðir inn á svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð. Heimilt er að letra nánari upplýsingar um takmörkun á merkið.

Frávik frá svæðisbundinni takmörkun kemur fram með staðbundinni merkingu.

Heimilt er að nota merkið til að merkja snúningshaus og er þá letrað Snúningshaus á merkið.

573 Svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð endar



Reglugerð um umferðarmerki:


Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð.

Vinnureglur um notkun:

Merkið er notað við akstursleiðir út af svæði þar sem takmörkun á að leggja ökutæki endar. Þar sem vegur er með

tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 572 . Þó er heimilt að staðsetja merkið á bakhlið merkis 572 Mörk svæðis þar sem heimild til að leggja ökutæki er takmörkuð við merkingu snúningshauss og þar sem rými er takmarkað.

576 Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að farið sé inn á svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki. Nánari lýsing á heimild getur komið fram á merkinu.

Vinnureglur um notkun:

Merkið er notað við akstursleiðir inn á svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki. Heimilt að gefa til kynna gjaldskyldu bifreiðastæða með því að nota táknmynd merkis 552.3 . Heimilt er að letra nánari upplýsingar um takmörkun á heimild til að leggja á merkið.

Frávik frá svæðisbundinni takmörkun kemur fram með staðbundinni merkingu.

577 Svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki endar



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að farið sé út af svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki.

Vinnureglur um notkun:

Merkið er notað við akstursleiðir út af svæði þar sem heimilt er að leggja ökutæki endar. Þar sem vegur er með tvístefnuakstri er æskilegt að merkið standi í sama þversniði en í gagnstæða akstursstefnu við merki 576 Mörk svæðis þar sem heimild er að leggja ökutæki. Þó er heimilt að staðsetja merkið á bakhlið merkis 576 Mörk svæðis þar sem heimilt er að leggja ökutæki þar sem rými er takmarkað.